


## Sýnataka til rannsókna örvera

**Vigdís Harðardóttir**

**Greinargerð VH-2003-06**



Verknúmer:

## Sýnataka til rannsókna örvera

Til sýnatöku þarf að hafa;

Hanska (einnota Latex eða plast hanska)

plast pinsettu (töng)

spritt (70%)

dauðhreinsaðan (sterilum) 0,22 µm filterpappír; cellulose acetate (C020G047A CA 0.20 47MM WP IND C020G047A CA 0.20 47MM WP IND)

dauðhreinsaða plastpoka

límband

kælibox

tússpenna

sía og statíf

### *Framkvæmd*

Sýnataka fer fram á sama hátt og venjulega nema hvað notaðir eru dauðhreinsaður síupappír. Aðalatriðið er að snerta ekki síupappírinn hvorki með berum höndum né hönskum (þó skárna með hönskum) nota töng, og ef það gerist eftir sýnatöku, merkja það á umbúðapappírinn utan um síupappírinn t.d. með merkingunni M (mengað). Ef síupappír er snertur fyrir síun þá er best að taka nýjan ómengaðan.

Fyrst eru slöngur og síubúnaður hreinsaður án filterpappírs, þ.e. látið renna í nokkrar mínútur. Síulok er fyllt með spritti, sem hellt er svo yfir hinn helminginn. Pinsetta (töngin) hreinsuð með sjúkrahússpritti (70%). Síupappír er tekinn með steril töng (ekki henda umbúðunum og haldið þeim dauðhreinsuðum því síupappírinn fer aftur ofan í) og sett í síulokið og skrúfað á án þess að snerta síupappír. **Tími skráður** og athugað hve lengi er verið að **fylla einn líters brúsa**. Því lengur sem rennur í gegnum filterpappír því betra (örverurnar safnast saman á síupappírinn og það er mikilvægt að ekki verði mengun frá öðrum örverum annarstaðar frá t.d. af höndum). Þegar sýnatakan er búin er pappírinn tekin úr með dauðhreinsaðari pinsettu og sett aftur í upphaflegu umbúðirnar sem merkt er okkar sýnatöku númeri. **Tími skráður** (til að áætla hve mikill vökvi var síaður og þar með hversu margar örverur eru per ml). Þetta er aftur á móti sett í sérstakan dauðhreinsaðan poka, sem settur er í ál og í kælibox og þaðan sem fyrst í frysti (því lengri tími sem líður án þess að kæla sýnið því meiri líkur eru á að við fáum skekktar niðurstöður um fjölbreytileika örveranna).

Vigdís Harðardóttir  
jarðefnafræðingur  
Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík  
s. 5696000  
e-mail [vh@os.is](mailto:vh@os.is)